

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjöld A í Akraneskaupstað.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Akraness leggur gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

#### 3. gr.

Bæjarstjórn ákveður að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbygginga og skal miða gjaldið við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	2.2%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð .....	1.4%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús .....	1.3%
Fjölbýlishús .....	0.7%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	2.2%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði ..	1.8%
Opinberar byggingar .....	2.2%

Af kjöllurum, bifreiðageymslum og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar, skal greiða hálf gjald. Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 25.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrátti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bilgeymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð ..	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús, hver íbúð .....	300 m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnaði skal ætíð við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miða við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

#### 4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega, samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

#### 5. gr.

Bæjarráð setur reglur um gjalddaga og tekur ákvörðun um gjaldfrest.

#### 6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það, ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur þannig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld, samkvæmt lögum þessum, lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1975.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í smásölu.

Skv. heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, hefir ráðuneytið heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur 10% hækkun smásöluverðs seldrar raforku miðað við grunnverð í núgildandi gjaldskrá, frá og með 1. september 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús, 100 m<sup>2</sup> og stærri, kr. 2 000.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 220.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 640.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimædagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> kr. 84 000.00.

Hús 300—2000 m<sup>3</sup> kr. 84 000.00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 63.00 hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Hús stærri en 2000 m<sup>3</sup> kr. 193 000.00 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og kr. 53.00 hver m<sup>3</sup> þar yfir.

Stofngjald fyrir aukahemil á sama inntaki er kr. 10 000.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.

Heimild til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.